

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 5/2011**

Kæra Jóns Geirs Sigurbjörnssonar á ákvörðun Neytendastofu [nr. 5/2011](#).

1. Þann 17. ágúst 2011 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 5/2011: Kæra Jóns Geirs Sigurbjörnssonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2011 frá 18. febrúar 2011. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 17. mars 2011, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2011 frá 18. febrúar 2011, um að kærandi hafi brotið gegn nánar tilteknum ákvæðum laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002, laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga nr. 46/2000, með því að veita ekki fullnægjandi upplýsingar á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com. Með ákvörðuninni var mælt fyrir um að kærandi skyldi innan sjö daga tilgreina nánar tilteknar upplýsingar á vefsíðunum. Kæran byggir á því að kærandi eigi ekki aðild að því máli sem hin kærða ákvörðun laut að og í henni felst krafa um að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, 2. mgr. 19. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002 og 3. mgr. 17. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga nr. 46/2000.

**MÁLAVEXTIR**

4. Þann 26. nóvember 2010 boðsendi Neytendastofa kæranda bréf sem hann kvittaði fyrir móttöku á. Í bréfinu, sem dagsett er sama dag, kom fram að Neytendastofu hefðu borist ítrekaðar ábendingar neytenda þess efnis að ekki væri mögulegt í kjölfar kaupa á netversluninni gjafir.com og treyjur.com að ná sambandi við fyrirtækið, m.a. í þeim tilgangi að fá vöru afhenta sem greitt hafi verið fyrir og ekki hafi skilað sér til neytenda. Skoðun Neytendastofu á framangreindum vefsíðum hafi leitt í ljós að vefsíðurnar uppfylli ekki skilyrði laga sem gildi um sölu á netinu.
5. Í bréfi Neytendastofu er næst vikið að upplýsingaskyldu þjónustuveitanda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002, upplýsingaskyldu fyrirtækja samkvæmt a-lið 1. mgr. 10. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og upplýsingaskyldu seljanda samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga nr. 46/2000. Þar er síðan tekið fram að á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com virðist skorta allar þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í ákvæðunum. Neytendastofa beini þeim tilmælum til kæranda að koma upplýsingum á vefsíðunum í rétt horf miðað við gildandi lög innan

14 daga frá dagsetningu bréfsins. Upplýsingar eða aðrar skýringar eða athugasemdir sem kærandi óski eftir að koma að þurfi að hafa borist stofnuninni innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins.

6. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 6. janúar 2011, var vísað til fyrra bréfsins og tekið fram að ekkert svar hefði borist stofnuninni og ekki hafi verið farið að tilmælum stofnunarinnar um að koma vefsíðunum gjafir.com og treyjur.com í rétt horf. Með vísan til þessa væri kæranda gefinn lokafrestur til 16. janúar 2011 til að bregðast við erindinu. Að þeim tíma liðnum yrði tekin ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

### ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

7. Hinn 18. febrúar 2011 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 5/2011. Þar er fyrst vísað til framangreindra tveggja bréfa og tekið fram að engar athugasemdir hafi borist stofnuninni innan tilskilins frest og enn hafi vefsíðurnar ekki verið lagfærðar eftir tilmælum stofnunarinnar. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar er tekið fram að kærandi hafi ekki sinnt tímælum Neytendastofu um að tilgreina með skýrum hætti á vefsíðum sínum, treyjur.com og gjafir.com, þær upplýsingar sem krafa sé gerð um í 1. mgr. 6. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002, 10. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og 1. mgr. 5. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga nr. 46/2002. Í ákvörðuninni er efni umræddra ákvæða síðan nánar rakið og þeirri niðurstöðu lýst að kærandi hafi brotið gegn þeim. Ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar eru svohljóðandi:

„[Kærandi] hefur brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, með því að tilgreina ekki þær upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com, sem gerðar eru kröfur um í lagaákvæðinu.

[Kærandi] hefur brotið gegn ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að veita neytendum ekki upplýsingar um nafn og heimilisfang fyrirtækisins á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com.

[Kærandi] hefur brotið gegn ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga, með því að upplýsa ekki neytendur um nafn og heimilisfang seljanda innan hæfilegs frests áður en samningur er gerður.

[Kærandi] skal, innan sjö daga tilgreina á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com nafn og heimilisfang ásamt þeim upplýsingum sem við eiga um starfsemi hans og koma fram í ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 46/2000.

Verði ekki farið að ákvörðun þessari má búast við að tekin verði ákvörðun um viðurlög á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

## RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

8. Í inngangi kæru, dags. 17. mars 2011, er tekið fram að efnisleg meðferð Neytendastofu á þeim lögum sem hún vísi til sé ekki þáttur í kærinni. Kæran lúti að aðild kæranda en ekki efnisatriðum ákvörðunarinnar, þar sem kærandi sé ekki í fyrirsvari fyrir þær vefsíður sem ákvörðunin lúti að. Í inngangi kærunnar er jafnframt tekið fram að óskað hafi verið eftir því að Neytendastofa leggði fram gögn og upplýsingar sem byggt væri á varðandi aðild kæranda. Ekki verði á það fallist að gögnin sem stofnunin hafi lagt fram tengi kæranda með nokkrum hætti við þau efnisatriði sem tekið sé á í hinni kærðu ákvörðun. Af þessum sökum sé ákvörðunin kærð. Auk þess hafi Neytendastofa fengið rökstutt athugasemdabréf frá kæranda þar sem þess sé krafist, í ljósi þeirra gagna sem aðild kæranda sé byggð á, að ákvörðunin verði afturkölluð og gefin út sérstök fréttatilkynning þess efnis að tenging kæranda við þau efnisatriði sem getið sé um í ákvörðuninni hafi ekki verið á rökum reist. Var síðastgreint bréf kæranda til Neytendastofu, dags. 16. mars 2011, meðfylgjandi kærinni.
9. Í kæru er því síðan nánar lýst að því sé harðlega mótmælt að kærandi eigi nokkra aðild að treyjur.com og gjafir.com, og því máli sem hin kærða ákvörðun snúi að. Í bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 16. mars 2011, sé nánar fjallað um einstök gögn sem Neytendastofa hafi undir höndum og hafi byggt ákvörðun sína á. Í stuttu máli sé um að ræða útprentun úr PayPal fyrir lénið Enski.is. Lénið Enski.is tengist umræddu máli á engan hátt og átelja verði þau vinnubrögð sem viðhöfð séu hvað undirbúning að málinu varði. Hin kærða ákvörðun lúti fyrst og fremst að efnislegum skilyrðum umræddra laga. Hins vegar séu þar ekki færð rök fyrir aðild kæranda að málinu. Kærandi hafi borist bréf frá Neytendastofu, dags. 6. janúar 2011. Í kjölfar þess bréfs hafi hann tjáð Neytendastofu símleiðis að um misskilning væri að ræða því hann væri ekki í fyrirsvari fyrir umrædd lén. Hann hafi þá talið að málinu væri lokið hvað hans persónu og æru snerti.
10. Kærandi sé nú erlendis og það hafi komið honum verulega í opna skjöldu þegar hann frétti að nafn hans sætti aðför á heimasíðu Neytendastofu. Í kjölfar þess hafi hann leitað til lögmanna sinna sem sent hafi Neytendastofu beiðni, sem móttekin hafi verið þann 10. mars 2011, um að gögnunum sem byggt var á í ákvörðuninni yrði framvísað. Neytendastofa hafi fúslega orðið við þeirri beiðni og lagt fram gögn, sem meðfylgjandi séu kærinni. Ekkert í umræddum gögnum tengi kæranda við þau málefni sem Neytendastofa geri að umfjöllunarefni í ákvörðuninni. Að öðru leyti vísi kærandi til umfjöllunarinnar um aðildarskort í athugasemdarbréfinu til Neytendastofu, dags. 16. mars 2011. Kæranda sé gert að sök að eiga aðild að lénum sem Neytendastofa hafi ákveðið að séu brotleg við lög. Kærandi hafi ekkert við efnislega niðurstöðu Neytendastofu að athuga enda tengist hann lénum ekki og hafi ekki haft ástæðu til að kynna sér málatilbúnað Neytendastofu að öðru leyti en því hvernig stofnunin hafi snúið málinu að honum, án þess að tenging væri á milli lénanna og hans.
11. Í lok kæru er tekið fram að kæran byggi umfram annað á því að kærandi eigi ekki aðild að því máli sem hin kærða ákvörðun lúti að. Niðurstaðan sé kærð og þess vænst að Neytendastofu verði gert að leiðrétta fyrri ákvörðun sína með því að ákvörðunin verði felld úr gildi og Neytendastofu gert að lágmarka tjón kæranda. Sá fyrirvari sé gerður við kærana að hún sé ekki endanlegur

málatilbúnaður af hálfu kæranda ef fram komi ný gögn og/eða þess verði óskað að kæra verði rökstudd frekar og lögð fram frekari gögn.

12. Með bréfi, dags. 23. mars 2011, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 31. mars 2011, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Þar kemur fram að af hálfu Neytendastofu sé því hafnað að ástæða sé til að fella ákvörðunina úr gildi sökum aðildarskorts. Að mati Neytendastofu sýni gögn málsins að kærandi sé ábyrgðarmaður umræddra léna. Við undirbúning hinnar kærðu ákvörðunar hafi aðild kæranda verið grundvölluð á eftirtöldum gögnum: „1. Útprintun af Paypal.com, member information, vegna reiknings gjafir@gjafir.com. 2. Útprintun af Ja.is, upplýsingar um símanúmerið [...]. 3. Útprintun af Leit.is, um áhugamannafélagið Enski boltinn. 4. Útprintun af Wayback.org, um skilarétt á gjafir.com frá 2007.“
13. Neytendur sem keypt hafi vörur af vefsíðunum gjafir.com og treyjur.com, hafi sent greiðslu fyrir vörur sem þeir keyptu í gegnum PayPal greiðslukerfið, á móttakanda sem skráður var með tölvupóstfangið gjafir@gjafir.com. Framangreind útprintun af PayPal.com, members information, varðandi skráningu tölvupóstfangsins gjafir@gjafir.com, sýni ótvírætt að kærandi hafi verið móttakandi greiðslna í gegnum það tölvupóstfang. Í framangreindu skráningarskjali PayPal komi fram símanúmer kæranda sem og upplýsingar um stofndag PayPal reiknings. Kærandi geri athugasemdir við þetta skjal og bendi á að skráningin sé vegna lénsins Enski.is. Rétt sé að benda á að greiðslur í gegnum PayPal tengist skráðu tölvupóstfangi, þ.e. neytandi sendi greiðslu með millifærslu eða kreditkorti í gegnum PayPal kerfið eftir tölvupóstfangi seljanda, í þessu tilviki gjafir@gjafir.com. Ábendingar kæranda varðandi heitið Enski.is á skráningunni hafi því ekki þýðingu í málinu, enda geti þeir sem skrái sig fyrir PayPal reikningi ráðið því hvaða nafn reikningurinn beri. Útprintun af Ja.is sýni fram á að kærandi hafi verið skráður fyrir því símanúmeri sem fram komi á PayPal members information. Að mati Neytendastofu hafi tengsl kæranda við greiðslur frá umræddum lénum verið skýr og þ.a.l. aðild hans að málinu.
14. Í greinargerð Neytendastofu er næst vísað til þess að í kæru, sem og bréfi kæranda til Neytendastofu, komi fram að hvorki lénið Enski.is né félagið Enski boltinn, áhugamannafélag, tengist hinni kærðu ákvörðun. Í tilefni athugasemda kæranda bendi Neytendastofa á eftirfarandi tengsl kæranda við lénið Enski.is og félagið Enski boltinn, áhugamannafélag. Samkvæmt útprintun af Wayback.org, um skilarétt á vefsíðunni gjafir.com frá desember 2007, hafi Enski boltinn, áhugamannafélag, áður tekið við greiðslum frá neytendum. Að öllum líkindum hafi þetta verið áður en neytendur notuðu PayPal greiðslufyrirkomulagið. Neytendur hafi þá greitt fyrir vörur í gegnum bankareikning félagsins. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra hafi félagið þó aldrei verið skráð með rekstur, enda áhugamannafélag. Samkvæmt skráningu Ríkisskattstjóra í fyrirtækjaskrá sé kærandi stjórnarformaður félagsins og jafnframt sá eini sem skráður sé í stjórn þess. Þá sýni útprintun af Leit.is fram á að Enski boltinn, áhugamannafélag, hafi verið með sama heimilisfang og kærandi. Samkvæmt upplýsingum frá ISNIC, Internet á Íslandi hf., sem sjái um skráningar léna undir þjóðarheitinu .is, hafi kærandi skráð lénið Enski.is hjá ISNIC hinn 19. nóvember 2002, og verið ábyrgðaraðili þess allt þar til lénið var skráð á Enski boltinn,

áhugamannafélag, að hans beiðni þann 13. september 2004. Neytendastofa vilji þó árétta að lénið Enski.is sé ekki hluti af ákvörðun Neytendastofu og tengist málinu einungis á þann hátt að framangreindum PayPal reikningi hafi verið valið heitið Enski.is af móttakanda greiðslna frá gjafir@gjafir.com. Lénið Enski.is, skráning þess og tenging Enska boltans, áhugamannafélag, við lénið Enski.is og gjafir.com sýni þó að mati Neytendastofu enn frekar fram á aðild kæranda.

15. Þá beri að nefna að kærandi hafi kvittað fyrir móttöku erindis Neytendastofu, dags. 26. nóvember 2010, athugasemdalaust. Einnig hafi stofnunin sent kæranda ítrekun, dags. 6. janúar 2011, þar sem fram hafi komið að lokafrestur væri til 16. janúar 2011, til að bregðast við erindi stofnunarinnar áður en ákvörðun í málinu yrði tekin á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Við hvorugu bréfi Neytendastofu hafi verið brugðist. Í kæru komi fram að í kjölfar síðara bréfsins hafi kærandi haft samband við stofnunina símleiðis og tjáð starfsmanni að hann væri ekki í fyrirsvari fyrir umrædd lén. Þessu hafni Neytendastofa enda hafi ekkert slíkt símtal borist stofnuninni frá kæranda. Að öðru leyti vísi Neytendastofa til hinnar kærðu ákvörðunar og þeirra gagna sem ákvörðunin hafi byggt á.
16. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 4. apríl 2011, var kæranda send greinargerð Neytendastofu og óskað eftir afstöðu hans til hennar. Svar barst með bréfi, dags. 18. apríl 2011. Þar er tekið fram að ekkert í greinargerð Neytendastofu sýni fram á að kærandi sé ábyrgur fyrir þeim viðskiptaháttum sem Neytendastofa hafi tekið ákvörðun um. Kærandi vilji enn og aftur taka fram að ekki sé gerð athugasemd við þá ákvörðun Neytendastofu að átelja viðskipahættina sem fram fóru á lénunum. Hins vegar verði fundið að því að Neytendastofa fari út fyrir umboð sitt til að ákvarða um viðskiptahætti sem fari fram á léni sem ótengt sé íslenskri lögsögu. Þrátt fyrir einbeittan vilja Neytendastofu hafi henni ekki tekist að tengja umrædd lén við lögsögu sína eins og hún vilji halda fram. Með einfaldri skoðun lögmanns kæranda á skráningu umræddra léna hafi komið í ljós að skráning og ábyrgð sé í höndum erlends aðila.
17. Því sé haldið fram í greinargerð Neytendastofu að útprentun hennar úr PayPal.com sýni ótvírætt fram á tengsl kæranda við málið. Sú yfirlýsing sé viðbúin í ljósi þess að sú útprentun feli í sér tæmandi talningu á málalíbúnaði Neytendastofu við tilraun hennar til að tengja kæranda við málið. Í umfjöllun sinni telji Neytendastofa upp í löngu máli þau tengsl að símanúmer kæranda sé það sama og símanúmer sem gefið hafi verið upp sem tengiliður viðskiptavina hjá PayPal.com fyrir viðskiptum sem fram fari á léninu Enski.is. Verði ekki með góðu móti séð hvernig sú tenging við íslenska lénið Enski.is geti tengst viðskiptaháttum á umræddum erlendu lénunum. Sú tenging sé, líkt og rakið sé í kæru, í besta falli langsótt, enda sannreyni PayPal.com ekki símanúmer þeirra sem skrái sig þar. Með höfnun kæranda verði ekki séð að Neytendastofa hafi sýnt fram á að kærandi sé ábyrgur fyrir þeim viðskiptaháttum sem tíðkaðir séu á umræddum erlendu lénunum.
18. Ekki sé sérstök ástæða til gera frekari athugasemdir við meint tengsl Enski.is við kæranda, enda byggi Neytendastofa ekki á því við niðurstöðu sína um aðild kæranda. Slíkt sé vafalaust eðlilegt í ljósi þess að kærandi hafi eingöngu tengst léninu á frumstigum þess, en rúmur hálfur áratugur sé síðan slíkt tengsl hafi verið til staðar, og engin tengsl verið á þeim tíma sem hin kærða ákvörðun eða meint brot áttu sér stað. ISNIC hafi haft eftirfarandi að segja við fyrirspurn Neytendastofu um

hvort tengsl væru fyrir hendi á milli kæranda og Enski.is: „Rétthafinn varð næst Síminn hf. og síðast Skjárinn miðlar ehf/Skjárinn ehf. En ef ég skildi þig rétt voru það tengsl Jóns sem skiptu máli – en enski boltinn, áhugamannafélag sá ekki um að greiða árgjaldið 2005“. Með öðrum orðum hafni ISNIC því að þau tengsl sem Neytendastofa hafði búist við að væru til staðar, væru til staðar. Verði því ekki séð hvernig framsetning Neytendastofu á skráningu PayPal.com hjá Enski.is hafi þýðingu í málinu.

19. Því sé haldið fram að neytendur hafi greitt fyrir vörur frá treyjur.com og gjafir.com til kæranda, og þau tengsl séu byggð á því að tölvupóstfangið gjafir@gjafir.com fái senda greiðslu. Því sé síðan haldið fram að það sé tölvupóstfang kæranda, án þess að færð séu fyrir því frekari haldbær rök. Með einfaldri uppfléttingu á Netinu komi þó í ljós að framsetning þessi sé röng. Ef athugað sé hver hafi skráð lénið gjafir.com hafi það verið „Wild West Domains, inc.“ en ekki kærandi, og sú skráning hafi farið fram hinn 7. janúar 2006. Þessi skráning hafi staðið allar götur síðan. Sama máli gegni um lénið treyjur.com, en það sé einnig skráð á „Wild West Domains, inc.“. Upplýsingar um skráningu alþjóðlegra léna séu auðfundnar og Neytendastofu hafi verið í lófa lagið að leita þær uppi. Meðfylgjandi bréfi kæranda séu útprentanir af slóðunum whois.domaintools.com/gjafir.com og whois.domaintools.com/treyjur.com, sem sýni svo ekki verði um villst að kærandi sé ekki eigandi og/eða ábyrgðaraðili þeirra slóða/léna sem málið snúist um.
20. Fyrir utan að tengjast málinu ekki á nokkurn hátt átelji kærandi verulega vinnubrögð Neytendastofu, bæði hvað varði meðalhóf en sérstaklega hvað varði rannsóknarskyldu stofnunarinnar. Handahófskenndar ágiskanir í bland við lævísar samsæriskenningar séu einu tengslin sem Neytendastofa hafi í höndum sem tengt gætu kæranda við málið. Lítilsháttar rannsókn á t.d. lénunum sjálfum, hefði leitt Neytendastofu í vissu um að kærandi tengdist þeim ekki. Gögn sem aflað hafi verið eftir að ákvörðunin var tekin og eftir að kærandi gerði skriflega athugasemd leiði enn fremur í ljós að Íslenska sjónvarpsfélagið hf., en ekki kærandi, sé skráður rétthafi þeirrar síðu sem sé eina raunverulega tenging Neytendastofu við kæranda. Við þessa uppljóstrun hafi embættið átt að bregðast hratt við og hið minnsta að afturkalla fyrri ákvörðun þar sem kærandi sé tengdur við þá viðskiptahætti sem til umfjöllunar séu. Mál þetta sé hið versta fyrir kæranda enda hafi nafn hans ekki verið fjarlægð af vefsíðu Neytendastofu eftir að ábendingar þess eðlis bárust. Varðandi önnur rök og málalíbúnað kæranda er vísað til kæru.
21. Með tölvubréfi, dags. 30. apríl 2011, tilkynnti áfrýjunarnefnd neytendamála kæranda að vegna anna hjá nefndinni væri fyrirséð að einhver bið yrði á því að unnt yrði að ljúka málinu, en stefnt væri að því að kveða upp úrskurð fyrir lok maímánaðar. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 30. maí 2011, sem kærandi fékk afrit af, tilkynnti áfrýjunarnefndin að eftir að hafa fjallað nánar um málið teldi hún þörf á að leita á ný eftir afstöðu Neytendastofu, í ljósi athugasemda kæranda. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 27. júní 2011, eftir að frestur til svara hafði verið framlengdur að beiðni stofnunarinnar. Í greinargerð Neytendastofu er vísað til þess að í bréfi kæranda komi fram að ekkert í málinu sýni fram á ábyrgð hans vegna þeirra viðskiptahátta sem stofnunin hafi ákvarðað um. Þessu hafni Neytendastofa enda hafi stofnunin í fyrri greinargerð sinni sýnt fram á tengsl kæranda og umrædds PayPal reiknings. Varðandi tengsl Enski.is við

kæranda hafi stofnunin bent á að lénið Enski.is tengist málinu eingöngu með þeim hætti að kærandi hafi ákveðið að gefa PayPal reikningi sínum það nafn. Reikningurinn beri nafnið Enski.is en sé skráður með netfangið gjafir@gjafir.com. Þá sé símanúmer kæranda einnig skráð fyrir reikningnum. Umræddur reikningur hafi verið notaður til að taka við greiðslum neytenda af vefsíðunum gjafir.com og treyjur.com. Kærandi hefði getað gefið reikningnum nafnið mbl.is en það hefði ekki breytt því að greiðslur hafi borist í gegnum tölvupóstfangið gjafir@gjafir.com frá neytendum. Kærandi hafi ítrekað haldið því fram að hér sé um PayPal reikning fyrir vefsíðuna Enski.is að ræða en það sé augljóslega ekki tilfellið eins og Neytendastofa hafi sýnt fram á.

22. Neytendastofa ítreki enn og aftur að umrædd útprentun af PayPal sé ekki vegna lénsins Enski.is heldur vegna tölvupóstfangsins gjafir@gjafir.is. Að mati Neytendastofu styrki það einungis málflutning stofnunarinnar í málinu að kærandi hafi áður tengst Enski.is og þar að auki verið skráður fyrir því léni þegar umræddur PayPal reikningur, sem beri nafnið Enski.is, hafi verið stofnaður þann 18. ágúst 2003. Þó svo að kærandi sé ekki með formlegum hætti skráður fyrir umræddum lénum, eins og tíðkist, hafi Neytendastofa lagt fram gögn í málinu sem að mati stofnunarinnar sýni með óyggjandi hætti fram á tengsl kæranda við umræddan PayPal reikning og vefsíðurnar gjafir.com og treyjur.com. Rétt sé að taka fram að Neytendastofa hafi skoðað þær skráningar sem liggja að baki lénunum gjafir.com og treyjur.com við rannsókn málsins. Skráningar lénanna séu þess eðlis að engar upplýsingar séu gefnar um þann aðila sem í raun sé skráður fyrir lénunum heldur sé fyrirtæki sem sýsli með lén skráð fyrir lénunum. Fyrirkomulagið sé þekkt og ýmis lénafyrirtæki bjóði upp á þá þjónustu að skrá sig fyrir léni í stað þess aðila sem í raun noti það. Megi þar m.a. nefna fyrirtækið domainsbyproxy.com sem kærandi hafi nýtt sér samkvæmt opinberri skráningu umræddra léna.
23. Þá geri Neytendastofa athugasemdir við orðalag í bréfi kæranda um að handahófskenndar ágiskanir í bland við lævísar samsæriskenningar Neytendastofu séu einu tengsl sem stofnunin hafi við kæranda í málinu. Þessu hafni Neytendastofa alfarið enda hafi stofnunin sýnt með rökstuddum hætti fram á aðild kæranda að málinu. Þá komi einnig fram í bréfi kæranda að Neytendastofa hafi farið út fyrir umboð sitt til að ákvarða um viðskiptahætti er fram fari á léni sem sé ótengt íslenskri lögsögu. Í 2. gr. laga nr. 57/2005 sé um það fjallað að lögin taki til samninga, skilmála og athafna sem hafi eða sé ætlað að hafa áhrif hér á landi. Það eitt og sér að lén sé skráð með alþjóðlegri .com endingu verði því ekki til þess að viðskiptahættir sem tengist léni með þeirri endingu falli utan laganna og Neytendastofa geti ekki tekið málið til meðferðar. Eigi það ekki síst við þegar lénunum sé ætlað að hafa áhrif hér á landi eins og eigi við í máli þessu. Stofnunin vísi í því sambandi meðal annars til ákvörðunar samkeppnisráðs 19. september 2003 (38/2003), vegna kvörtunar Hasso Íslands ehf. yfir skráningu lénsins hasso.com, og ákvörðunar samkeppnisráðs 19. september 2003 (34/2003), vegna kvörtunar Hreyfils svf. yfir skráningu lénsins hreyfill.com.
24. Fullyrðingu kæranda um að Neytendastofa hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sé alfarið vísað á bug sem órökstuddri enda hafi stofnunin leitað allra leiða í rannsókn málsins og m.a. haft samband við PayPal S.a.r.l. í Lúxemborg í september 2010 í því skyni að fá nánari upplýsingar um þann aðila sem væri að baki umræddum PayPal reikningi. Beiðni um upplýsingar hafi verið hafnað af fyrirtækinu með vísan til friðhelgi þess sem sé skráður fyrir reikningnum. Neytendastofa hafi á ný

óskað eftir framangreindum upplýsingum frá PayPal með vísan til laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd nr. 56/2007. Upplýsingarnar hafi enn ekki borist stofnuninni en ættu að berast fljótlega og Neytendastofa óski því eftir að fá að leggja fram upplýsingarnar jafn skjótt og þær berist.

25. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 29. júní 2011, var kæranda send greinargerð Neytendastofu og gefinn frestur til að tjá sig um hana. Sá frestur var síðar framlengdur með tölvubréfi, dags. 27. júlí 2011, eftir að því var borið við af hálfu kæranda að bréfið frá júní hefði ekki borist. Hinn 29. júlí 2011 sendi Neytendastofa áfrýjunarnefnd neytendamála síðan bréf þar sem fram kom að þau gögn frá PayPal sem vísað væri til í síðari greinargerð stofnunarinnar lægju fyrir og væru meðfylgjandi bréfinu. Tekið var fram að upplýsingarnar sýndu að mati stofnunarinnar með skýrum hætti fram á aðild kæranda að málinu. Gerð verður nánari grein fyrir umræddum gögnum í niðurstöðukafla úrskurðarins hér að aftan en með tölvubréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 29. júlí 2011, voru gögnin send kæranda og honum gefinn kostur á að tjá sig um þau, samhliða síðari greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 9. ágúst 2011.
26. Í bréfinu kemur fram að það sé afstaða kæranda að engin tengsl séu til staðar milli hans og þeirra félaga sem Neytendastofa hafi tekið ákvörðun um. Neytendastofa átelji kæranda fyrir að hafa haldið því fram að stofnunin hafi farið út fyrir umboð sitt með því að ákvarða um viðskiptahætti sem fari fram á léni utan íslenskra lögsögu. Í því sambandi vísi stofnunin annars vegar til ákvörðunar samkeppnisráðs 19. september 2003 (38/2003) og hins vegar ákvörðunar samkeppnisráðs 19. september 2003 (34/2003). Það sé mat kæranda að tilvitnuð mál varði ekki sambærilega málavexti og málið sem hér sé til umfjöllunar, enda séu þau annars vegar á vettvangi samkeppnismála en ekki neytendamála og hins vegar sé „umfjöllunarefnið þar sú skörun sem lén með endinguna .com hefur á réttindi sambærilegs léns með endinguna .is sem telur sig eiga betri rétt til léns“. Þar séu tengslin við rétthafa .is léns augljós og því geti málin ekki verið fordæmisgefandi í því máli sem hér sé til umfjöllunar. Þvert á móti verði að telja að niðurstaða tilvitnaðra mála renni fremur styrkari stoðum undir málatalbúnað kæranda um að Neytendastofa hafi með hinni kærðu ákvörðun farið út fyrir umboð sitt þar sem tilvitnuð mál falli undir samkeppnisráð af þeirri einu ástæðu að brotið sé á betri rétti til léns með endinguna .is. Því sé alls ekki til að dreifa í þessu máli og því verði ekki fallist á það með Neytendastofu að stofnunin hafi umboð til að ákvarða í málinu.
27. Í máli samkeppnisráðs nr. 38/2003 séu til staðar rík tengsl allra aðila málsins við Ísland, sem eins og fyrr segir sé eina ástæða þess að málið hafi verið tekið til skoðunar. Fyrirtækin sem átt hafi í deilum hafi verið til húsa á Íslandi og ekki hafnað umfjöllun um málið. Enn frekar hafi málið snúist um svokallað „cybersquatting“, en ákvörðunin þýði hugtakið lauslega sem „gíslingu“. Til séu alþjóðlegar reglur sem ná til þessa, enda segi í ákvörðuninni: „Á árinu 2002 fékk WIPO Center til meðferðar alls 1.494 mál sem varða lénnöfn og notar við úrlausn málanna svo kallaðar Uniform Domain Name Dispute Resolution Policy (UDRP) reglur. Vinnurelgur ISNIC fyrir úrskurðarnefnd léna eru áþekkar þessum reglum.“ Hvorugu þessa sé til að dreifa í því máli sem Neytendastofa hafi haft hér til umfjöllunar enda séu tengsl kæranda við umrædd lén engin þótt



skráningar á PayPal gefi e.t.v. annað í skyn. Kærandi hafni því alfarið að hafa skráð umrædd lén með þeim hætti sem upp sé gefið hjá PayPal og vísi til fyrri umfjöllunar um þau mál. Mál samkeppnisráðs nr. 34/2003 sé keimlíkt máli nr. 38/2003 en í báðum tilvikum sé um að ræða íslenska aðila sem séu í samkeppni við annan íslenskan aðila. Þar sé spilað inn á að nota íslenskt skráð heiti félagsins eða vörumerki, með alþjóðlegri skráningu, í þeim tilgangi að stækka eigin markaðshlutdeild á Íslandi. Raunar sé það „rökrettari niðurstaða, séu þau tvö mál borin saman við mál kæranda, að endurspegla þær hættur sem internetið og alþjóðlegt eðli þess, ber með sér“. Það sé leikur einn að villa á sér heimildir, virðast vera annar en sá sem í fyrstu sýnist og þannig sigla undir flaggi annarra. Það sé raunar það sem virðist vera hér á ferð. Enn frekar sé það einmitt ástæðan fyrir því að settar hafi verið alþjóðlegar reglur um þann málaflokk sem vinnureglur ISNIC taki að fyrirmynd.

28. Um svar PayPal við fyrirspurn Neytendastofu tekur kærandi fram að í fyrsta lagi sé það skoðun hans að það skjóti skökku við að Neytendastofa dragi þá ályktun sem hún hafi gert í hinni kærðu ákvörðun út frá þeim gögnum sem fyrir lágu í febrúar 2011 sem og þeim gögnum sem nú liggi fyrir í málinu. Ekki verði séð af gögnum málsins að Neytendastofu hafi tekist að sýna fram á, gegn höfnun kæranda, að hann beri ábyrgð á þeim viðskiptaháttum sem honum sé gert að hafa stundað samkvæmt hinni kærðu ákvörðun. Í annan stað sé það skoðun kæranda að nýjasta gagn Neytendastofu sé eftiráskýring, til þess fallin að renna stoðum undir niðurstöðu sem hafi verið, að því er virðist, fyrirfram ákveðin. Í ljósi nýrra framlagðra skjala frá PayPal sé því nauðsynlegt að ítreka þá afstöðu kæranda að hann hafni alfarið tengslum við umrædd lén. Ekki verði talið að Neytendastofu hafi tekist að sýna fram á nauðsynleg tengsl kæranda við umrædd lén gegn höfnun hans. Í þriðja lagi sé svar PayPal torskilið og ómögulegt að gera sér grein fyrir uppruna tiltekinna upplýsinga sem þar komi fram. Þá komi ekkert fram í skjalinu um að PayPal hafi fengið umræddar skráningar staðfestar hjá skráningaraðila með einum eða öðrum hætti. Því verði að taka fram komnum upplýsingum frá PayPal með töluverðum fyrirvara um áreiðanleika.
29. Að lokum tekur kærandi fram að hann telji sig ekki eiga aðild að málinu og sé hafður fyrir rangri sök. Ný gögn Neytendastofu frá PayPal breyti engu í þeirri afstöðu þar sem upplýsingar sem þar komi fram séu ekki komnar frá kæranda. Áreiðanleiki umræddra gagna sé takmarkaður og ekkert komi fram um að upplýsingar sem fram komi í skjölunum hafi verið sannreyndar með einum eða öðrum hætti. Kærandi telji sig því ekki vera og hafi aldrei átt að vera aðili að þessu máli. Þá ítreki kærandi fyrri kröfu um að Neytendastofa hafi ekki umboð til að fjalla um umrædd lén og að þau mál samkeppnisráðs sem Neytendastofa vísi til hafi ekki fordæmisgildi í þessu máli. Varðandi önnur rök og málalíbúnað kæranda sé vísað til kæru.

## **NIÐURSTAÐA**

30. Í máli þessu er deilt um ákvörðun Neytendastofu þess efnis að kærandi hafi brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002, 1. mgr. 10. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og 1. mgr. 5. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga nr. 46/2000, með því að veita ekki fullnægjandi upplýsingar á vefsíðunum treyjur.com og gjafir.com. Með ákvörðuninni var mælt fyrir um að kærandi skyldi innan sjö

daga tilgreina nánar tilteknar upplýsingar á vefsíðunum. Í málinu er ekki deilt um þá niðurstöðu Neytendastofu að upplýsingagjöf á vefsíðunum hafi farið í bága við framangreind ákvæði. Verður raunar ekki annað séð en að sölu á umræddum vefsíðum hafi nú verið hætt. Kæran lýtur hins vegar að aðild kæranda að málinu, þ.e. kærandi byggir á því að hann tengist ekki umræddum vefsíðum og því hafi hin kærða ákvörðun ranglega beinst að honum.

31. Í hinni kærðu ákvörðun er kærandi talinn hafa brotið gegn upplýsingaskyldu þjónustuveitanda, fyrirtækja og seljanda samkvæmt lögum nr. 30/2002, 57/2005 og 46/2000. Samkvæmt skilgreiningum umræddra laga er þjónustuveitandi „[e]instaklingur eða lögpersóna sem lætur í té rafræna þjónustu“, fyrirtæki „[e]instaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur“, og seljandi „einstaklingur eða lögaðili sem vegna hlutaðeigandi viðskipta kemur fram í atvinnuskyni og gerir samninga við neytendur“, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 30/2002, 2. tölul. 3. gr. laga nr. 57/2005 og 2. tölul. 2. gr. laga nr. 46/2000. Samkvæmt þessu er ljóst að ef kærandi telst hafa stundað umrædda sölustarfsemi á vefsíðunum [treyjur.com](http://treyjur.com) og [gjafir.com](http://gjafir.com), þá hefur hann brotið gegn ákvæðum framangreindra laga, sbr. það sem áður er rakið um að óumdeilt sé að vefsíðurnar hafi brotið gegn ákvæðunum. Ekki getur ráðið úrslitum í þessu sambandi þótt vefsíðurnar séu skráðar erlendis, enda miðuðu þær að því að koma á viðskiptum hér á landi, sbr. m.a. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2005 um að lögin taki til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.
32. Við töku hinnar kærðu ákvörðunar leit Neytendastofa til þess að neytendur sem keypt hefðu vörur af vefsíðunum hefðu sent greiðslur í gegnum PayPal greiðslukerfið, á móttakanda skráðan með netfangið [gjafir@gjafir.com](mailto:gjafir@gjafir.com), og að útprentun af [PayPal.com](http://PayPal.com) („Member Information“) sýndi að kærandi væri móttakandi þeirra greiðslna, enda kæmi símanúmer hans þar fram. Kærandi hefur hins vegar mótmælt aðkomu sinni að vefsíðunum og nefnt ýmislegt í því sambandi, líkt og rakið var að framan, m.a. að PayPal sannreyni ekki símanúmer þeirra sem skrái sig þar. Á áfrýjunarstigi bárust upplýsingar frá PayPal í tilefni af fyrirspurn Neytendastofu, en í upphafi fyrirspurnar stofnunarinnar sagði: „The Icelandic Consumer Agency (Neytendastofa) hereby requests as soon as possible information on the company/person that operates the website [gjafir.com](http://gjafir.com) and receives payments through the PayPal system using the email [gjafir@gjafir.com](mailto:gjafir@gjafir.com) (see attached PayPal registration). Known email addresses are: [gjafir@gjafir.com](mailto:gjafir@gjafir.com) and [treyjur@treyjur.com](mailto:treyjur@treyjur.com)“. Sem svar barst átta blaðsíðna skjal með ýmsum upplýsingum um umræddan PayPal reikning. Þar kemur skýrlega fram að kærandi er skráður notandi hans. Þar koma einnig m.a. fram upplýsingar um heimilisföng kæranda, símanúmer auk þess sem skjalið er skýrt um að kærandi hefur tekið við greiðslum í gegnum reikninginn.
33. Áfrýjunarnefnd neytendamála telur ótvírætt af framangreindum og fyrirliggjandi gögnum að kærandi hafi stundað sölustarfsemi á umræddum vefsíðum í framangreindum skilningi. Hinni kærðu ákvörðun var því réttilega beint að honum. Það getur ekki breytt gildi hinnar kærðu ákvörðunar þótt á áfrýjunarstigi hafi komið fram gögn sem færa henni frekari stoð, enda verður ekki fundið að málsmeðferð Neytendastofu í upphafi, sem leiddi samkvæmt framansögðu til efnislega rétrar ákvörðunar. Samkvæmt öllu framansögðu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

**ÚRSKURÐARORÐ:**

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson